

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 29. maí 2007 í máli nr. S-569/2007:

Ákærvaldið

(Sturla Þórðarson yfirlögfræðingur)

gegn

Páli Viðari Jenssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 25. maí sl., að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru útgefni af Lögreglustjóranum í Reykjavík, 10. apríl 2007 á hendur, Páli Viðari Jenssyni, kt. [...], Barðastöðum 23, Reykjavík, fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni TO-025, að kvöldi sunnudagsins 23. júlí 2006, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,98%) frá Barðastöðum 23 í Reykjavík og svo óvarlega um Korpúlfsstaðaveg að hann ók aftan á bifreiðina PY-174 sem einnig var ekið um götuna og þegar í stað brott af vettvangi án þess að gera lögboðnar ráðstafanir vegna árekstursins.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, 2. gr. laga nr. 23/1998 og 8. gr. laga nr. 84/2004.

Málavextir.

Samkvæmt staðfestri lögregluskýrslu Gunnsteins Rúnars Sigfússonar barst tilkynning um það til lögreglunnar í Reykjavík kl. 20.37 sunnudagskvöldið 23. júlí sl. að umferðaróhapp hefði orðið á Korpúlfsstaðavegi á móts við Korpúlfsstaði og að grunur væri um ölvun við akstur í því sambandi. Samkvæmt skýrslunni komu lögreglumenn á vettvang kl. 20.47 eða 10 mínútum eftir að tilkynnt var um þennan atburð. Þar hittu þeir fyrir Herdísi Sigurðardóttur, fædda 1926, sem sagði frá því að hún hefði nýlega ekið inn á veginn frá Korpúlfsstöðum þegar högg kom aftan á bíl hennar. Hefði hún numið staðar og stigið út og þá séð að ekið hafði verið aftan á bíl hennar. Ökumaður hins bílsins hefði stigið út og sagt að þetta væri „ekki neitt mál“ og sest inn í bíl sinn og ekið á brott. Vitni gaf sig fram á vettvangi, Valdimar Þorkelsson, fæddur 1966 en ranglega nefndur Páll í skýrslunni. Kvað hann þann sem ekið hafði aftan á bíl Herdísar hafa verið óstöðugan á fótum og reikulan í

spori. Hefði maður þessi horfið á braut áður en hann gat komist nær honum.

Lögreglumönnum var sagt númerið á þessum bíl og fóru þeir heim til bíleigandans í Barðastaði 23 og komu þar kl. 20.51. Þar hittu þeir fyrir ákærða í málinu sem gekkst við því að hafa ekið bílnum. Fundu lögreglumenn áfengisþef af honum og var hann færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Var hann látinn blása þar í öndunarmæli og svo tilkynnt það að hann væri handtekinn. Var klukkan þá 20.59. Loks segir í skýrslunni að læknir hafi komið á lögreglustöðina og tekið blóð úr ákærða, fyrst kl. 21.45 og aftur kl. 22.50. Þá segir í skýrslunni að þvagsýni hafi fengist úr honum kl. 21.52. Ber þessu saman við það sem stendur í vottorðunum um þetta. Samkvæmt vottorðum rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði mældust 2,98% af vínanda í fyrra blóðsýninu og yfir 2,67% í því síðara. Í þvagsýninu mældust yfir 3,1% af vínanda. Kristín Magnúsdóttir deildarstjóri á rannsóknarstofunni hefur látið í té staðfesta álitserð í málinu þar sem rannsóknarniðurstöðurnar eru skýrðar:

„Í bréfi yðar dagsettu 1. nóvember 2006 er beðið um álit á niðurstöðum úr etanólmælingu í blóð- og þvagsýnum nr. 37883, 37885 og 37884. Sýnin voru rannsökuð á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði þann 27. júlí 2006 og mældist etanólstyrkur í blóðsýni nr. 37883, 3,13%, í blóðsýni nr. 37885, 2,82% og 4,11% í þvagsýni 37884 (endanlegar niðurstöður 2,98%, 2,67% og yfir 3,1%). Blóðsýni nr. 37883 og þvagsýnið voru tekin rúmri klukkustund eftir meintan ölvunarakstur en blóðsýni nr. 37885 var tekið um klukkustund síðar. Umræddur ökumaður kveðst einungis hafa drukkið áfengi eftir að akstri lauk.

U.þ.b. 2% af nýttu etanóli skilst óumbreytt úr líkamanum og þá fyrst og fremst með þvagi. Útskilnaður etanóls úr blóði í þvag hefst strax og frásog etanóls í blóð hefst úr meltingarvegi. Þetta gerist hægt í byrjun en etanólstyrkur þvagsins eykst svo jafnt og þétt. Þegar etanól í þvagi er lægra en í blóði, bendir það til þess að viðkomandi hafi nýlega hætt neyslu áfengis og jafnvægi milli þvags og blóðs hafi ekki verið náð. Þegar neyslu etanóls er hætt líður nokkur tími þar til allt það etanól, sem kann að vera í maga og þörmum hefur náð að frásogast. Venjulega er gert ráð fyrir að því ljúki að mestu innan 1-2 klukkustunda (eftir magni þess áfengis sem drukkið er). Þegar jafnvægi milli etanóls í blóði og þvagi er náð má búast við að styrkur þess í þvagi sé um 20-25 % hærri en í blóði. Þá fer styrkur etanóls í blóði að falla en hann fellur með nokkuð jöfnum hraða (brotthvarfshraði), sem er einstaklingsbundinn og getur verið 0,12%-0,25% á klst. Hátt hlutfall milli etanólstyrks í þvagi og blóði bendir til að talsverður tími sé frá því að viðkomandi losaði þvag síðast og einnig er það sterk vísbending að etanól í blóði hafi verið fallandi á þeim tíma sem sýnin voru tekin.

Etanólstyrkur í blóði umrædds ökumanns kl. 21:45 reyndist 3,13% og 4,11% í þvagini kl. 21:52 (endanlegar niðurstöður 2,98% og yfir 3,1%). Hlutfall milli etanólstyrks í blóði og þvagi er 1,3, sem bendir til að jafnvægi hafi náðst og etanólstyrkur í blóðinu því fallandi. Blóðsýni nr. 37885, sem tekið var kl. 22:50 styður þetta og er brotthvarfshraði etanóls úr blóði umrædds ökumanns 0,28% á klukkustund. Samkvæmt upplýsingum í bréfi yðar kemur fram að liðið hafi um 70 mínútur frá meintum ölvunarakstri og að sýnatöku. Hinn gífurlega háa etanólstyrkur í þvagi og blóði ásamt hlutfallinu milli blóðsýnis og þvagsýnis bendir alfarið til að drykkja hafi byrjað talsvert fyrir kl. 20:37 þennan dag. Miðað við brotthvarfshraðann 0,28% á klst. má ætla að etanólstyrkur í blóðinu hafi verið nær 3,4% (endanleg niðurstaða yfir 3,1) kl. 20:37 og umræddur ökumaður því verið

mjög ölvaður, þegar meintur ölvunarakstur átti sér stað.“

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu daginn eftir og hófst yfirheyrslan kl. 13.40. Viðurkenndi hann þá að hafa ekið bílnum undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann hafa skroppið á bílnum heiman frá sér til þess að kaupa sér nauðsynjar í sjoppu við endann á Korpúlfsstaðavegi. Í fyrstu sagðist hann hafa verið búinn að drekka tvo stóra bjóra þegar hann lagði af stað og einungis fundið fyrir lítils háttar áfengisáhrifum við aksturinn. Hann kannaðist svo við að hafa verið „töluvert mikið ölvaður“ og verið reikull í spori og að hafa drukkið fleiri bjóra en tvo áður en hann ók heiman frá sér. Hefði hann fengið sér bjór þegar hann vaknaði um morguninn og tvo bjóra um miðjan daginn og svo tvo bjóra áður en hann lagði af stað á bílnum. Þá kvaðst hann hafa drukkið rúmlega eina hvítvínsflösku eftir að hann kom heim á bílnum eftir áreksturinn.

Verður nú gerð grein fyrir því sem fram hefur komið í meðferð málsins fyrir dómi.

Fyrir dómi hefur ákærði neitað sök. Hann kveðst ekki hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, nema þá kvöldið áður á bilinu 23 til 1. Hann kannast við að hafa ekið aftan á bíl konunnar en hafa orðið að aka af vettvangi þar sem konan hafi verið erfið. Hann segist hafa drukkið úr tveimur hvítvínsflöskum eftir að hann kom heim til sín. Hann vefengir ekki að skýrslan sem hann gaf hjá lögreglu sé rétt eftir honum höfð en hún sé röng. Hann skýrir framburð sinn þar með því að lögreglumaðurinn, Gísli, hafi sagt að ef hann ekki bæri á sama hátt og vitnin í málinu yrði hann lokaður inni í fangaklefa áfram, en hann segist þá hafa verið búinn að sitja 16 tíma í fangageymslu. Þá segir ákærði að þessi dagur hafi verið „besti dagur ársins í sól og hita“. Hafi hann því borið á þennan veg til þess að losna úr haldi lögreglunnar. Hann segir lögreglu hafa komið heim að sækja hann um klukkutíma eftir áreksturinn. Þá segir hann að honum hafi ekki verið tekið blóð nema einu sinni.

Kristín Magnúsdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest álitserð sína í málinu. Hún segir, vegna þess sem ákærði hefur sagt um tímasetningar í málinu, að vínandamagnið í blóð- og þvagsýnum sé svo gríðarmikið að útilokað sé að það hafi náðst á tveimur klukkustundum. Séu þessar tölur nærri því að gefa til kynna áfengis-eitrun. Samsvari þessarar tölur engan veginn því að ákærði hafi einungis drukkið tvær hvítvínsflöskur eftir aksturinn. Áfengismagnið í tveimur hvítvínsflöskum sé engan vegi nægilegt til þess að skýra vínandamagnið í sýnunum. Hún segir áfengismagnið í þeim þó myndu hafa hækkað það alkóhól sem mældist í blóðsýnunum. Aftur á móti sýni hlutfallið á milli vínanda í blóði og þvagi fram á að jafnvægi hafi verið komið á og þetta hlutfall bendi ekki til þessarar drykkju eftir aksturinn. Hafi vínandamagn í blóði ákærða hlotið að hafa verið talsvert meira en 0,5%.

Gísli Breiðfjörð Árnason rannsóknarlögreglumaður hefur komið fyrir dóm og sagt, að hafi ákærða verið sagt að hann kynni að verða hafður í haldi áfram, þá hafi það verið í því samhengi að honum var gerð grein fyrir því að lögreglan yrði þá að yfirheyra vitni áður en honum væri sleppt.

Valdimar Þorkelsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið að leika golf við Korpúlfsstaði og heyrt hemlahvin og séð hvar bíll ók aftan á annan á veginum.

Kveðst hann hafa farið að huga að þessu og hitt þar roskna konu og svo hringt á lögreglu. Hafi þetta verið á bilinu milli 8 og 9 að kvöldi. Hann segir lögregluna hafa komið á að giska 5 mínútum eftir að hann hringdi. Hann segir hinn ökumanninn hafa virst vera í annarlegu ástandi, óstöðugur á fótum og augun blóðhlaupin og fljótandi. Hann kveðst ekki hafa talað sjálfur við manninn en heyrnt hann segja að hann vildi ekki fá lögregluna á staðinn. Hafi maðurinn verið þvoglumæltur. Hann kveðst svo hafa séð að maðurinn hafi sest undir stýri og ekið á brott meðan vitnið var að tala við lögregluna í síma. Kveðst hann hafa gefið upp bílnúmerið í símann og lýsingu á manni og bíl. Lögreglan hafi svo komið eftir nokkrar mínútur og hann sagt lögreglu-mönnunum í hvaða stefnu maðurinn hafi haldið og þeir farið í þá sömu átt að leita hans. Kveðst hann halda að þá hafi verið liðnar um 10 mínútur frá árekstrinum.

Gunnsteinn Rúnar Sigfússon lögreglumaður hefur komið fyrir dóm. Hann segir að maðurinn sem þeir sóttu heim hafi verið mjög drukkinn að sjá og þeir farið með hann á lögreglustöðina. Hann kveður stutta stund hafa liðið frá því að kall kom til þeirra um þetta þar til þeir voru komnir á vettvang. Hafi þeir verið skammt frá í öðrum erindum þegar þeir voru sendir á vettvang. Hann kveðst ætla að þeir hafi verið 10-15 mínútur á staðnum og svo farið heim til eiganda hins bílsins þegar þeir höfðu fengið að vita heimilisfang hans en það hafi verið skammt frá. Maðurinn hafi sagt að honum hefði orðið svo mikið um þetta slys að hann hefði farið heim og drukkið flösku af hvítvíni.

Sigurður Árni Reynisson lögreglumaður hefur skýrt frá því að þeir lögreglu-mennirnir hafi verið á leiðinni að sinna útkalli út af umferðarslysi á Vesturlandsvegi þegar þeir hafi fengið tilkynningu um þetta mál og látnir fara að sinna því. Hafi þeir haldið rակleitt á vettvang og hitt þar fyrir konu sem hafði verið ekið á og annað vitni. Hafi þau gefið þeim upp númerið á hinum bílnum og eftir því hefðu þeir fengið heimilisfang bíleigandans, sem verið hafi rétt hjá. Hafi þeir farið þangað og hittu manninn sem hafi verið mjög ölvaður. Hafi þá verið liðnar 5-10 mínútur frá því þeir fengu tilkynningu um þennan atburð, Maðurinn hafi sagt þeim að hann hefði drukkið áfengi eftir að hann kom heim.

Elísabet Rósmundsdóttir, eiginkona ákærða hefur komið fyrir dóm og borið að hann hafi drukkið tvær flöskur af hvítvíni eftir að hann kom heim í umrætt sinn.

Sigurður Hrafn Kristjánsson, stjúpsonur ákærða, hefur komið fyrir dóm og sagt að ákærði hafi komið heim eftir umferðaróhappið og fengið sér ótæpilega af hvítvíni. Lögreglan hafi komið hálf tíma til klukkutíma eftir að ákærði kom heim til sín. Vitnið kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærða þegar hann kom heim.

Herdís Sigurðardóttir hefur komið fyrir dóm og sagt frá því að ekið hafi verið aftan á bíl hennar á Korpúlfsstaðavegi. Í þessu hafi kunningi hennar, Valdimar, komið aðvífandi. Maðurinn sem ekið hafði hinum bílnum hafi viljað fara en Valdimar sagt að það væri lykt af honum og hringt á lögregluna mjög fljótlega. Sjálf hafi hún ekki séð áfengisáhrif á manninum. Valdimar hafi sett á sig númerið á bíl mannsins.

Niðurstaða.

Ákærði viðurkennir að hafa ekið bíl sínum í umrætt sinn og að hafa ekið aftan á bíl Herdísar Sigurðardóttur á Korpúlfsstaðavegi og þaðan á brott, án þess að gera lögboðnar ráðstafanir vegna óhappsins. Af því sem rakið hefur verið um allar tíma-setningar í málsskjölunum má ráða það með fullri vissu að lögreglumennirnir sóttu ákærða heim til hans skömmu eftir áreksturinn. Þeim ber saman um það að ákærði hafi þá verið mjög drukkinn. Valdimar Þorkelsson segir ákærða hafa verið í annarlegu ástandi á vettvangi, óstöðugan á fótum og að augun í honum hafi verið blóðhlaupin og vot. Þá er á það að líta að ákærði játaði hjá lögreglu að hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og að skýring hans á breyttum framburði hans í málinu er ekki trúleg. Sú viðbára ákærða að hann hafi drukkið jafn mikið áfengi og hann segir eftir að hann kom heim er einkar ótrúleg þegar haft er í huga hversu fljótlega eftir áreksturinn lögreglumennirnir komu að sækja hann. Þá geta eiginkona hans og stjúpsonur ekki talist óvilhöll vitni. Loks er að líta á niðurstöður rannsóknar á blóð- og þvagsýnum úr ákærða, sem Kristín Magnúsdóttir deildarstjóri hefur gert grein fyrir í málinu. Þótt því verði ekki alfarið hafnað að ákærði hafi drukkið eitthvað af áfengi eftir að akstrinum lauk telst vera sannað með framburði lögreglumanna og Valdimars Þorkelssonar og niðurstöðum blóð- og þvagrannsóknar að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt sinn. Þá er hann sannur að því að hafa sýnt af sér gáleysi við aksturinn, sem leiddi til óhappsins, og loks að hafa horfið á brott án þess að gera lögboðnar ráðstafanir vegna slyssins. Telst hann hafa brotið gegn þeim lagaákvæðum sem í ákærinni greinir, þó þannig að hann braut gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Viðurlög, skaðabætur og sakarkostnaður.

Sakaferill ákærða hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt og komi 8 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að þola sviptingu ökuréttar í 8 mánuði frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni 60.000 krónur í málsvarnarlaun að meðtöldum virðisaukaskatti og til þess að greiða 23.676 krónur í annan sakarkostnað.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Páll Viðar Jensson, greiði 100.000 krónur í sekt og komi 8 daga fangelsi í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði er sviptur ökurétti í 8 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun og greiði 23.676 krónur í annan sakarkostnað.

Pétur Guðgeirsson